

**70. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
22. nóvember 2017 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1711057 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Afgreiðsla trúnaðarmál.

2. 1711166 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Afgreiðsla trúnaðarmál.

Hrefna vék af fundi kl. 16:40.

3. 1708139 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Afgreiðsla trúnaðarmál.

4. 1412130 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Afgreiðsla trúnaðarmál.

5. 1711157 - Húsfélagþjónustan - samningur um þrif 2018

Akraneskaupstaður hefur undanfarin ár gert samkomulag við Húsfélagþjónstuna ehf um heimilisþrif í tengslum við félagslega heimþjónustu. Samstarfið hefur gengið vel og er vilji af beggja hálfu til að halda því áfram. Samningurinn rennur út í lok árs 2017. Drög að nýjum samningi liggur fyrir þar sem ítarlegra ákvæði er sett inn vegna trúnaðarskyldu og tillögur frá Húsfélagþjónustunni ehf. um hækkun á kostnaði þar sem 85% af verði á hverja klukkustund fylgir breytingum á launatöxtum starfsmanna.

Afgreiðslu frestað.

6. 1711167 - Þróunarverkefni Tálgun og tengsl við náttúru

Fjölliðjan vinnu- og hæfingarstaður er með í undirbúningi þróunarverkefni í

samstarfi við Ólafur Oddsson/uppeldisráðgjafa og fræðslustjóra Skógræktarinnar. Verkefnið er á byrjunarstigi og leitað verður eftir samstarfi við Skógræktarfélag Akraness. Markmiðið með verkefninu verður m.a. að auka fjölbreytni í starfsemi Fjöliðjunnar og koma þannig á móts við fleiri óskir og ólíkt getustig þátttakenda. Tálgun styður við sköpun einstaklingsins og persónulega nálgun í útfærslu verkefnanna. "Öruggu hnífsbrögð" tálgunartækninnar tryggir öruggi í vinnu og dreifir álaginu á líkamann. Þar sem unnið er með ferskan við er auðvelt að tengja efnisöflunina við skóg og náttúru, stuðla að hreyfingu og fræða um vistkerfi skógarins og styðja um leið við heilbrigðari skóg og bindingu meira kolefnis með meiri vexti trjána. Ólafur mun veita leiðbeinendum ráðgjöf og kennslu í þessu verkefni. Óverulegur kostnaður hlýst af verkefninu sem mun rúmast innan fjárhagsáætlunar Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstaðar.

Lagt fram til kynningar.

7. 1612146 - Reglur um gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu

Drög að breygingum á reglum um félagslega heimaþjónustu voru lagðar fyrir fund velferðar- og mannréttindaráð í maí sl. Afgreiðslu málsins var frestað.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir tillögur um breytingar á gjaldskrá fyrir félagslegri heimaþjónustu.

Breytingin felur í sér:

Innheimt er fyrir að hámarki 8 klukkustundir á mánuði í félagslega heimaþjónustu.

Innheimt er fyrir heimilisþrif og aðstoð við búðarferðir.

Önnur félagsleg heimaþjónusta, þ.e. innlit og persónulega aðstoð á dagvinnutíma og kvöld- og helgarþjónusta er endurgjaldslaus.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.

Vilborg P. Guðbjartsdóttir
 Gunnhildur
 Einar Þorsteinsson
 Anna Þórunn Þorjónsdóttir
 Jveta Hreinisdóttir